Þingað um framtíð flugsins

FLUG: Flugmálastjórn og samgönguráðuneytið efna til flugþings á Hótel Loftleiðum næstkomandi fimmtudag. Sex erlendir og fimm íslenskir sérfræðingar um flugmál flytja erindi á þinginu, sem haldið verður undir kjörorðinu Flug í heila öld – saga og framtíð flugsins. Um þessar mundir er þess minnst víða um heim að eitt hundrað ár eru liðin frá því að Wright-bræður flugu fyrsta vélknúna loftfarinu.

Meðal fyrirlesara á þinginu verða Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, Arngrímur Jóhannsson, stjórnarformaður Atlanta, Ómar Benediktsson, forstjóri Íslandsflugs, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri, Dieter Schmitt hjá Airbus og Jerry Mack frá Boeing-verksmiðjunum. Á flugþinginu munu menn m.a. velta fyrir sér framtíðarhorfum og þróun í flugmálum.

Flugþingið hefst klukkan 9.00 og er aðgangur ókeypis, hægt er að skrá sig á heimasíðu Flugmálastjórnar.



Vika verndar

VINNUVERND: Evrópsk vinnuverndarvika stendur nú yfir og munu eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins heimsækja fyrirtæki af því tilefni. Í heimsóknum eftirlitsmannanna verður athygli starfsmanna vakin á hættulegum efnum á vinnustað, notkun þeirra og forvörnum. Gefinn hefur verið út bæklingur fyrir starfsmenn vinnustaða þar sem varasöm efni eru brúkuð.

Breskir vísindamenn segja svifdýr drepast og fiskinn hverfa vegna vaxandi sjávarhita:

Núverandi lífríki Norðursjávar talið vera að hrynja

Hækkandi hitastig á jörðinni og hækkandi sjávarhiti í Norðursjó er að mati breskra vísindamanna að leiða til hruns í lífríki þessa hafsvæðis. Íslenskir vísindamenn segja óvarlegt að yfirfæra þetta á íslensk hafsvæði þrátt fyrir hækkandi hitastig undanfarin 3 til 4 ár.

Þessar niðurstöður varðandi Norðursjóinn koma m.a. fram í grein Richards Sadlers og Geoffreys Leans í breska blaðinu Independent þar sem vitnað er í nýjar rannsóknir vísindamanna. Talað er um líffræðilegt niðurbrot og hrun eða „egological meltdown" í því sambandi.

Varasamt að alhæfa um stöðuna í hafinu við Ísland út frá því sem er að gerast í Norðursjó.

Ástæða þessa hruns er, eins og áður sagði, rakin til hækkandi hitastigs í sjónum sem leiði til þess að svifdýr, sem eru undirstaða í fæðu fiska í Norðursjó, drepist unnvörpum. Í kjölfarið hafi fiskstofnar hrunið og sömu sögu sé að segja af sjófuglum.

Að sögn Karls Gunnarssonar, sjávarlíffræðings hjá Hafrannsóknastofnun, hafa menn ekki séð svo dramatískar afleiðingar hlýsjávar hér við land og nú er lýst í Norðursjó. Á síðustu árum virðist frekar hafa verið um aukningu á svifdýralífi hér við land og hafa vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar tengt hana auknu flæði hlýsjávar upp að landinu.

Í greininni í Independent er vitnað til vísindamanna hjá Sir Alistair Hardy hafvísindastofnuninni í Plymouth sem hafi fylgst nákvæmlega með svifdýralífi í Norðursjó í meira en 70 ár. Segja þeir að kaldsjávartegundir í svifdýraríkinu séu nú hundruðum mílna norðar en áður vegna hlýrri sjávar. Einnig hafi nýliðun á þorski aldrei verið minni í 20 ár og villtum laxi hafi fækkað um helming á síðustu tveim áratugum.

Þá hafi aldrei skilað sér færri laxar í breskar ár en í sumar. Svipað eigi við um afkomu annarra kaldsjávarfisktegunda.

„Við erum að sjá hrun á því lífkerfi sem við þekkjum," segir dr. Chris Reid í samtali við Independent.

Eins hafi viðkoma í sjófuglabyggðum við strönd Yorkshire og á Shetlandseyjum um varptímann aldrei verið verri síðan skráning á varpinu hófst og mörg varpsvæði hafi verið yfirgefin. Sunnar í Norðursjónum hafi enn smágerðari svifdýr leyst þau norðlægu af hólmi en þau séu ekki eins næringarrík fyrir annað líf í sjónum.

Hrun

„Við sjáum hrun á því lífkerfi sem við þekkjum," segir dr. Chris Reid, framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Hann segir að laxa- og þorskstofnar hafi þegar dregist saman og nú veiðist minni fiskur en áður. „Við erum nú að sjá sannanir fyrir því að breytt veðurfar er að umbylta lífríkinu í stórum stíl. Við munum líklega sjá enn meiri hækkun á hitastigi í líkingu við það sem nú er á Atlantshafsströnd Spánar og jafnvel sunnar sem mun leiða til gjörbreytingar á lífríkinu. Ef hlýnunin heldur áfram mun þorskurinn líklega hverfa úr Norðursjónum á næstu áratugum."

Ekki sömu áhrif hér

Hafrannsóknastofnunin hefur um langt árabil fylgst með dýrasvifi í hafinu við Ísland og m.a. í samstarfi við Sir Alistair Hardy-stofnunina. Ólafur S. Ástþórsson, aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir að vistkerfi svifdýranna við Ísland svari hitastigsbreytingum á annan hátt en í Norðursjó. Hann telur því varasamt að alhæfa um stöðuna í hafinu við Ísland út frá því sem er að gerast í Norðursjó.

Gögn sem Sir Alistair Hardy-stofnunin tekur saman um lífríki sjávarins eru talin þau bestu sem þekkjast í heiminum. Því taka vísindamenn eðlilega mikið mark á niðurstöðum þeirra rannsókna. Stofnunin notar gjarnan kaupskip til að afla sýna úr hafinu og m.a. hafa flutningaskip Eimskipafélags Íslands dregið á eftir sér sýnatæki á leiðinni á milli Skotlands og Íslands. Þannig nær stofnunin mun meiri þéttleika í sýnatökum sínum en annars væri mögulegt með stopulum leiðöngrum hafrannsóknaskipa.

Ólafur segir að undanfarin 3 til 4 ár hafi sjávarhiti hér við land verið sá mesti síðan um 1965 vegna mikils innstreymis hlýsjávar úr suðvestri. Ástandið nú hafi leitt til meiri útbreiðslu á sumum fiskstofnum við landið en áður, m.a. hvað varðar skötusel, ýsu, kolmunna og fleiri tegundir. Rauðáta, sem sé ríkjandi átutegund hér við land, hafi þó ekki minnkað sem er ólíkt því sem gerst hefur í Norðursjó.

hkr@dv.is



HAFRANNSÓKNIR: Gögnum um svifdýr í sjónum við Ísland er safnað saman hjá Hafrannsóknastofnun. Ekkert bendir til hruns rauðátu hér við land líkt og gerst hefur í Norðursjó.

Ef hlýnunin heldur áfram mun þorskurinn líklega hverfa úr Norðursjónum á næstu áratugum.



SKÁLI/PAVILION: Skemmtilegt verk eftir Ólaf Elíasson sem sýnt var á Kjarvalsstöðum 1998. Það tengdist veðrinu eins og nýja verkið á Tate því þegar frysti úti mynduðust grýlukerti niður úr málmhringnum. Annars rigndi úr honum.

Ólafur Elíasson leggur undir sig Hafnarhús:

Sýnir heima

Sterk staða myndlistarmannsins Ólafs Elíassonar á alþjóðlegum vettvangi var endanlega innsigluð þegar sýning hans í túrbínusal Tate Modern listasafnsins í Lundúnum var opnuð í síðustu viku. Sýningin hefur vakið verðskuldaða athygli fjölmiðla og almennings og eru allir samdóma um stórfengleika hennar. Það er Listasafni Reykjavíkur því sérstakt fagnaðarefni að tilkynna að 17. janúar næstkomandi verður Ólafur Elíasson með einkasýningu í Hafnarhúsinu sem tekur yfir allt safnið. Sýningin er óumdeilanlega viðamesta og kostnaðarsamasta sýningarverkefni sem Listasafn Reykjavíkur hefur ráðist í. Sýning Ólafs í Hafnarhúsinu stendur í tvo mánuði og lýkur þannig um líkt leyti og sýningu hans í Tate Modern.

Verk Ólafs hafa verið sýnd víða um heim, meðal annars á tvíæringnum í Istanbul, tvívegis á tvíæringnum í Feneyjum, á Museum of Modern Art í New York, í Berlín, Malmö, Basel, Amsterdam og Dublin, auk Íslands og Danmerkur.

Áfram leikhússtjóri



Leikfélag Reykjavíkur hefur endurnýjað ráðningarsamning við Guðjón Pedersen leikhússtjóra.

Guðjón hóf störf sem leikhússtjóri haustið 2000 og er því að hefja fjórða starfsár sitt. Samkvæmt lögum LR er leikhússtjóri jafnan ráðinn til fjögurra ára í senn en heimilt er að endurnýja samninginn einu sinni. Guðjón er ráðinn til vors 2008.